

BROR hirslur

Upplýsingar um ábyrgðir

10



10

Miklar kröfur eru gerðar til skrifstofuhúsgagna, bæði í daglegu lífi heima fyrir og í vinnunni. BROR hirslurnar hafa verið prófaðar fyrir notkun á vinnustöðum og standast strangar kröfur um gæði og endingu sem fram koma í eftirfarandi stöðlum: EN1730, EN527 og ANSI/BIFMA x5.5 fyrir borð, ISO7170, EN14073, EN14074 ANSI/BIFMA x5.9 fyrir hirslur. Þess vegna getum við boðið 10 ára ábyrgð sem nær yfir galla í efni, framleiðslu og virkni á öllum aðalhlutum BROR hillukerfisins. Ábyrgðin gildir samkvæmt ábyrgðarskilmálum sem koma fram í þessum bæklingi.



Hve lengi gildir ábyrgðin?

Ábyrgðin á BROR gildir í 10 ár frá þeim degi sem varan er keypt í IKEA. Framvísa þarf upphaflegri kvittun sem staðfestingu á kaupum.

Hvaða fellur undir þessa ábyrgð?

Þessi ábyrgð nær til galla í efni, framleiðslu og virkni á öllum aðalhlutum BROR hirslukerfisins frá kaupdegi.

Hvað vörur falla ekki undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin gildir ekki fyrir:

- BROR hjólavagn
- BROR vinnubekk/borð
- BROR aukahillu

Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfalli fyrir sig. Ef ábyrgðin er í gildi ákveður IKEA hvort gert er við vöruna eða henni skipt út fyrir sömu vöru eða sambærilega. IKEA ber þá kostnað af viðgerð, varahlutum, vinnu og ferðum starfsfólks sem IKEA fær til viðgerðanna. Þetta á þó aðeins við ef varan er aðgengileg án þess að viðbótarkostnaður hljóttist af. Þetta á ekki við í þeim tilfellum þar sem viðgerð hefur farið fram án heimildar IKEA. Allir gallaðir hlutar sem fjarlægðir eru við viðgerð eru eign IKEA. Ef varan er ekki lengur seld hjá IKEA verður viðskiptavini útveguð viðeigandi sambærileg vara. IKEA áskilur sér rétt til að ákveða hverju sinni hvað er viðeigandi og sambærileg vara.

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin er ekki í gildi fyrir vöru sem hefur verið geymd, sett saman, sett upp eða notuð á rangan hátt. Einnig vöru sem hefur verið meðhöndluð illa eða á rangan hátt, hefur verið breytt eða þrífín með röngum efnum.

Ábyrgðin nær ekki yfir venjulega notkun, rispur eða skemmdir vegna óhappa eða högga. Ábyrgðin gildir ekki ef varan hefur verið notuð utandyra, verið óvarin fyrir sólarljósi til lengri tíma eða verið í tærandi umhverfi, til dæmis á baðherbergi.

Ábyrgðin nær ekki yfir skaða vegna tilfallandi eða afleidds tjóns.

Leiðbeiningar um umhirðu

Hertu skrúfur eftir tvær vikur og fylgstu síðan með þeim reglulega, um tvisvar á ári. Yfirborðsfletir: Þrífðu með klút vættum með vatni eða mildri sápu. Þurrkaðu með þurrum klút.

Almenn réttindi

Þessi ábyrgð veitir þér tiltekin réttindi. Hún hefur á engan hátt áhrif á lagalegan rétt þinn.

Hafðu samband

Ef þú þarft frekari upplýsingar getur þú haft samband við IKEA í síma 520 2500 eða á IKEA.is

Geymdu kvittunina

Hún er staðfesting á kaupunum og hennar er krafist til að ábyrgðin gildi. Ef eitthvað kemur upp á eða þú ert ekki ánægð/ur, vinsamlega hafðu þá samband við IKEA á IKEA.is eða hringdu í 520 2500.

